

394. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 23. ágúst 2018 og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Hafdís Gunnarsdóttir formaður, Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, Skóla- og sérkennslufulltrúi.

Áheyrnafulltrúi fyrir grunnskólamála: Sveinfríður Olga Vetuliðadóttir, fulltrúi grunnskólastjórnenda, Laufey Eyþórsdóttir og Kristín Jóhannsdóttir, fulltrúar kennara.

Áheyrnafulltrúar fyrir leikskólamála: Helga Björg Jóhannsdóttir, fulltrúi leikskólastjórnenda.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064

Lagður fram verkefnalisti fræðslunefndar.

Gerð var grein fyrir þeim verkefnum sem liggja fyrir og stöðu mála.

2. Listaskóli Rögnvaldar 2017 - 2017090087

Lögð fram ársskýrsla Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar fyrir skólaárið 2016-2017

Lagt fram til kynningar.

3. Listaskóli Rögnvaldar 2018 - 2018080021

Lögð fram ársskýrsla Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar fyrir skólaárið 2017-2018

Lagt fram til kynningar.

4. Skóladagatöl 2018-2019 - 2018020101

Lagt fyrir endurskoðað skóladagatal Grunnskólans á Þingeyri fyrir skólaárið 2018-2019.

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við skóladagatalið.

5. Áætlanir og skýrslur grunnskóla skólaárið 2017-2018 - 2017090074

Lögð fram sjálfsmatsskýrsla Grunnskólans á Ísafirði og ársskýrsla leik- og

Grunnskólans í Önundarfirði fyrir skólaárið 2017-18

Fræðslunefnd þakkar fyrir framlagðar sjálfsmats- og ársskýrslur.

6. Skólamál á Flateyri - 2016110039

Kynnt lokaskýrsla samráðshóps um leik- og grunnskólastarf á Flateyri, dagsett 20. júní sl., unnin af Krístrúnu Lind Birgisdóttur hjá Tröppu ráðgjöf.

Bæjarráð kynnti skýrsluna á 1022. fundi sínum 2. júlí sl. og vísaði henni til kynningar í fræðslunefnd.

Fræðslunefnd þakkar starfshópnum fyrir þeirra störf og greinargóða skýrslu.

7. Skóladagatal 2018-2019 - 2018050060

Lagt fram nýtt skóladagatal leikskólans Sólborgar fyrir skólaárið 2018-2019, þar sem óskað er eftir því að færa til einn starfsdag vegna ferðar starfsmanna til Helsinki í maí/júní 2019. Þannig að leikskólinn verði lokaður 31 maí og 3. júní í staðinn fyrir 29. maí og 31. maí .

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við breytingarnar á skóladagatalinu.

8. Starfsáætlanir og skýrslur leikskóla 2017-2018 - 2017060059

Lagðar fram ársskýrslur leikskólanna Tjarnarbæjar á Suðureyri og Eyrarskjóls á Ísafirði, fyrir skólaárið 2017-18

Lagt fram til kynningar.

9. Gæðamat leikskólans Eyrarskjóls skólaárið 2017-2018 - 2018080019

Lagt fram bréf Þórdísar Jónu Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar, ódagsett en barst 17. ágúst sl., þar sem kynnt er gæðamat fyrir leikskólann Eyrarskjól skólaárið 2017-2018.

Bæjarráð vísaði erindinu til fræðslunefndar á 1026. fundi sínum 20. ágúst sl.

Fræðslunefnd þakkar fyrir skýrsluna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:50

Hafdís Gunnarsdóttir

Kristján Þór Kristjánsson

Jónas Þór Birgisson

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Margrét Halldórsdóttir

Guðrún Birgisdóttir